

GUJA DÖGG HAUKSDÓTTIR



## BYGGINGARLIST Í AUGNHÆÐ

kennsluleiðbeiningar með námsefni



# BYGGINGARLIST Í AUGNHÆÐ

## kennsluleiðbeiningar

Manngert umhverfi snertir alla og er mikilvægur hluti af daglegu lífi okkar.

Á vissum aldri vaknar sú þörf með flestum börnum að búa til hús og rými til að leika sér í. Það geta verið kastalar í sandkassanum, draumaborgir úr kubbum, snjóhús í garðinum eða ímynduð veröld í einföldu tjaldi, eins og strákarnir á forsíðumyndinni hafa gert, með því að leggja teppi yfir húsgögn. Börn móta byggingar og rými á ýmsa vegu í leik, bæði í smáum stíl – sem hægt er að horfa yfir og höndla, og stórum – sem hægt er að skriða inn í.

Mörg dýr skapa sér einnig bústaði eins og hreiður, skeljar og greni en húsagerð þeirra skilur sig frá mannanna verkum að því leyti að hver dýrategund fer eins að meðan mennirnir hanna vistarverur sínar á margvíslegan hátt. Þeir leggja þar að auki í byggingar sínar ákveðna hugsun, merkingu eða tjáningu sem vísar út fyrir bygginguna sjálfa í huglæg gildi, menningu og tíðaranda hverju sinni.

Frá örófi alda hefur byggingarlist verið beitt sem tjáningarmiðli til að hefja manngert umhverfi upp yfir hreint notagildissjónarmið um skjól fyrir veðri og vindum til að staðfesta og varðveita ákveðin gildi í samfélaginu. Byggingarlag, form, rými og skreyti eru þannig notuð, á listrænan hátt, að það höfði til skynrænna upplifana eða sjónræns lesturs í óförgengilegu efni.

Byggingarlist má nema á þann hátt rétt eins og tungumál, þar sem bókstafir, orð og setningar mynda frásögn og bera merkingu sem skráð er í form og rými, efni og áferð, og sem hægt er að lesa út frá hlutlægum sem huglægum þáttum.

Námsefnið *Byggingarlist í augnhæð* er unnið til að mæta auknum áhuga á því að kynna ungu fólki byggingarlist á breiðum grundvelli fagurfræði, notagildis og tækni, út frá þeim forsendum að fræðsla og skapandi úrvinnsla á efninu örfi upplifun og efla meðvitund þeirra um umhverfi sitt.

Efnið tekur mið af opinni nálgun á viðfangsefninu sem undirstrikar eðli hins skapandi mannhuga að velta vöngum og spyrja spurninga sem bjóða upp á margvísleg svör.

### **markmið**

Námsefnið *Byggingarlist í augnhæð* er skrifað með það fyrir augum að veita innsýn í grunnatriði manngerðs umhverfis okkar í byggingarlist á þann hátt að það höfði til barna og ungmenna. Markmið efnisins er að auka þekkingu nemenda á hugtökum og birtingarmyndum byggingarlistar en ekki síður að vekja tilfinningu þeirra fyrir gildi byggingarlistar og mikilvægi þess að geta greint og metið gæði manngerðs umhverfis.

Áhersla er lögð á að:

- þroska hæfileikann til að sjá, skynja og tjá sig um manngert umhverfi.
- greina byggingarlist út frá notagildi, tækni og fagurfræði.
- auka vitund um tengsl sjónræns umhverfis og menningar eða loftslags.
- skilja samhengi forms og rýmis við ólík efni og eiginleika þeirra.
- lesa merkingu í ytra útliti og innra fyrirkomulagi bygginga við ólíkar aðstæður og á ólíkum tíma.
- örva sköpunargleði og þjálfu úrvinnslu persónulegra verkefna á þrívíðu formi.

### **nálgun**

Námsefnið er hugsað sem grunnbók sem veiti kennurum og nemendum mikilvæga lykla, verkfæri og innblástur í skapandi vinnu með efni sem tekur bæði til listrænna og verklegra þátta. Einnig er því ætlað að ýta undir heimspekilega umræðu um samhengi forms og rýmis, útlits og innihalds og vangaveltur um mismunandi tjáningarform mannsins.

Aðferðafræði námsefnisins byggist á „learning by doing“ eða tileinkun þekkingar með verklegri rannsókn og listrænni úrvinnslu á efninu. Í inngangi er lagður grunnur að efnistöku bókarinnar þar sem persónuleg skynjun og upplifun nemandans er sett í fyrirrúm. Beinir spurningar sem lagðar eru inn í textann hvetja til virkrar þátttöku nemenda í efninu og undirstrika að viðhorf og skoðanir geta verið margvíslegar á sama viðfangsefni.

Áhersla er lögð á að nota dæmi úr íslensku umhverfi en það gefur kennslunni aukið vægi að fara úr umhverfi skólastofunnar í vettvangsferðir og geta séð og upplifað raunveruleg form og rými áður en hafist er handa með verkefnavinnuna.

Fræðitexti aftan við hvern hluta bókarinnar býður upp á dýpri efnistöð og samþættingu efnisins við aðrar námsgreinar sem beita má eftir aldri nemenda eða svigrúmi í skólastarfinu.

### **markhópur**

Markhópur námsefnisins er unglíngastig grunnskóla (8.–10. bekkur) en leitast er við að hafa framsetningu þess þannig að auðvelt sé að nýta efnið og aðlaga eða móta að þörfum yngri sem eldri nemenda.

### **námsmat**

Í námsefninu er upp með að þroska nemendur í leitandi rannsóknarvinnu og sköpun með verklegri tjáningu og samræðum. Árangur nemenda ber að meta af persónulegu ferli og þróun verkefnavinnunnar frekar en endanlegu verki eða úrlausn, þótt hægt sé að prófa þekkingu og skilning í ákveðnum hluta efnisins.

### **uppbygging efnis**

Námsefnið byggist upp á þremur meginhlutum.

Í hverjum hluta er ljósi varpað á ákveðna grunnþætti í byggingarlist og efnið nálgast á mismunandi vegu.

Hverjum hluta er skipt í þrennt:

- *Almennur texti* með ljósmyndum sem styðja efni þess hluta,
- *Fræðitexti* sem setur viðfangsefni almenna textans í sögulegt, hugmyndafræðilegt og listrænt samhengi,
- *Verkefni* sem tengjast efni þess hluta á ýmsa vegu.

Almenni textinn leggur grunn og myndar umgjörð um þekkingu á afmörkuðu viðfangsefni innan byggingarlistarinnar. Til að skerpa á skilningi eru valin ólík eða andstæð dæmi sem hvetja til frekari rannsókna annarra dæma af sama meiði. Beinum spurningum er varpað til lesanda í textanum en þeim er ætlað er að vekja viðbrögð nemenda og draga reynslu þeirra og viðhorf eða skoðanir fram. Einnig eru ákveðin lykilorð og hugtök í textanum feitletruð til að nýta í umræðu fyrir bekkinn.

Fræðitextinn er ítarefni sem dýpkar skilning og býður jafnframt upp á aðrar tengingar og hugmyndir að verkefnum. Sögulegt samhengi varpar ljósi á uppruna og þróun viðfangsefnis eða þema hvers hluta í byggingarlistarsögunni og hugmyndafræði setur efnið í stærra samhengi við

ýmsar kenningar. Einnig eru sett fram frekari dæmi um byggingar viðs vegar um landið og erlendis sem tengjast efni hlutans þannig að hægt er að víkka sjóndeildarhringinn.

Í fræðitextanum er einnig bent á snertifleti byggingarlistar við önnur listform til þess að opna fyrir tengingar við aðrar námsgreinar, bæði á sviði list- og verknáms en einnig stærðfræði, mannkynssögu og samfélagsfræði.

Verkefni þjálfar nemendur í að beita þekkingu sinni og skilningi á efninu. Þau eru af ólíkum toga, allt frá stuttum tímaverkefnum til þemaverkefna sem spannað geta nokkra tíma eða heila önn. Sum hvetja til samvinnu í hópum og önnur eru einstaklingsmiðuð en hverju verkefni fylgja tillögur að vangaveltum og umræðum í bekknum.

Aftast er yfirsýn yfir dæmin í bókinni sem sett eru upp í tímaröð eftir stílum og. Einnig má nota þau til að finna fleiri dæmi, til dæmis með tengingu við birtingu byggingarlistar í kvikmyndum sem nemendur hafa séð.

### **aðferð**

Námsefnið má nota á ýmsa vegu og í ýmsu samhengi en lagt er upp með að beita skapandi vinnuaðferðum sem örva frumkvæði og persónulega tjáningu nemenda frekar en að setja upp fyrir fram gefnar hugmyndir að lausnum.

Í byrjun verkefnis er mikilvægt að veita innsýn í viðfangsefnið.

Til að örva hugmyndaflugið og sköpunargleðina er efnið kynnt með ýmsu móti, svo sem af texta eða myndum í bókinni eða af skyggnum, kvikmyndum, með frásögnum, eigin upplifunum eða skynjun í vettvangsferð. En halda þarf brennidepli efnisins innan ákveðins ramma með útvöldum hugtökum, t.d. úr texta bókarinnar.

Þá eru kynnt ákveðin verkfæri sem nýtast við rannsóknir á tví- og/eða þrívíðri tjáningu. Það geta verið einföld ritföng, túss, blek eða litmiðlar eins og vatnslitir og pastellitir, mismunandi hráefni til líkanagerðar eða tæki til ljósmyndunar og tölvutækrar myndvinnslu. Hægt er að að tileinka sér ný og framandi verkfæri í afmörkuðum æfingum og tilraunum.

Síðan spreyta nemendur sig á úrvinnslu efnisins.

Gott getur verið að skrásetja hugmyndir og ferli í dagbók sem sýnir margvíslegar leiðir að verkinu og þörf er á að hvetja hvern nemanda til að vinna sjálfstætt og á eigin forsendum.

Hafa ber í huga að sumir einstaklingar ganga hratt og fuðlaust til verks en aðrir eru varkárir eða lengur að finna sinn takt.

Að lokum eru verkin metin með kynningu nemenda á verkefnavinnu sinni.

Til að festa nám þeirra og setja það í samhengi er gott að rifja upp hvað var gert, hvernig og af hverju, og hvetja til umræðna sem snúast um ólíka áherslu og nálgun nemenda.

Hver hluti bókarinnar tekur fyrir afmarkaða þætti og grunnatriði innan byggingarlistar. Lagðar eru inn spurningar og hugmyndir að vangaveltum í textanum sem ýta undir umræður og skoðanaskipti. Mælt er með því að fara og skoða með eigin augum þar sem námið er svo nátengt raunverulegum upplifunum af formi, áferð, birtu og ekki síst rými á staðnum.

Margar opinberar stofnanir, eins og byggðasöfn, listasöfn og kirkjur, bjóða upp á skólaheimsóknir og eins má kanna hvort mögulegt er að fá leiðsögn um byggingar sem verið er að reisa eða endurgera í grennd við skólann.

Verkefnin geta verið samsett úr bóklegum og verklegum hluta en mikilvægt er að hampa sköpunarþættinum og leyfa nemendum að spreyta sig á eigin hönnun í ýmsum efnum. Áhersla á eigin upplifun, eigin túlkun og skilning á manngerðu umhverfi þroskar með nemendum marga þætti og opnar augu og eflir vitund fyrir persónulegu mati og afstöðu. Að láta nemendur ræða verkefni sín með bekknum skerpir á ásetningi eða hugmynd verkefnisins og eykur virðingu fyrir eigin vinnu og annarra.

Athugið að form er yfirleitt auðveldara að fást við heldur en rými sem krefst nokkurrar færni í miðlun, hvort heldur sem um er að ræða teikningu eða líkan.



# 1 : HEIMA

## **húsið, gatan, hverfið mitt**

Í **1. hluta: HEIMA** er fengist við nánasta umhverfi nemenda eða ramma daglegs lífs þeirra, eða útgangspunkt í því umhverfi sem stendur þeim næst, það er íbúðarhverfinu, skólanum og heimilinu. Hugað er að fyrirbærinu fegurð og hvernig við skilgreinum hvað er fallegt og hvað er ljótt.

Rýnt er í samhengi fegurðarskyns við bakgrunn okkar og menningu og kannað hvernig mismunandi áherslur í skipulagi hverfa og íbúða hafa áhrif á líf okkar og sjálfsmynd.

Hér er kynnt samspil manns og manngerðs umhverfis hans og kannað eðli tungumáls byggingarlistarinnar sem ber með sér ákveðnar frásagnir og skilaboð. Það er ekki tilviljunum háð hvernig byggingar líta út og hvernig maðurinn setur mark sitt á eigið umhverfi. Þar er áhugavert samspil tíðaranda við tímalausa þörf mannsins fyrir að eiga sinn stað, sitt „heima“.

Byggingardæmin í þessum hluta eru íbúðarhús og skólabyggingar frá síðustu öld.

## **upplifun og umræðuefni**

Nemendur eiga að kanna sitt nánasta umhverfi og kynna hver fyrir öðrum eigin upplifun og túlkun á umhverfinu. Hér er upplagt að velta vöngum yfir því hvar fólk líður vel og af hverju og hvaða áhrif umhverfið hefur á líðan okkar og tilveru.

Skoðun á manngerðu umhverfi getur leitt til vangaveltna um þörf mannsins fyrir að móta umhverfi sitt eftir eigin höfði og hugsanlegra tengsla sjálfsmyndar manna við möguleika þeirra á að hafa áhrif á umhverfi sitt.

Kannski hafa einhverjir nemendur í bekknum verið í öðrum skóla eða búíð í öðru hverfi sem hægt er að bera saman við nýja hverfið/skólann og kannski hafa einhverjir reynt af því að búa í öðrum löndum eða menningarheimum sem bera má saman við íslenskan veruleik.

Hægt er að styðja umræður um skynjun og hin ólíku skynfæri með litlum æfingum þar sem eitt og eitt skynfæri er útilokað eða einangrað til að skerpa á hinum, t.d með því að binda fyrir augun eða skoða rýmið umhverfis í spegli.

Ræða má muninn á því að upplifa sjálfur á staðnum eða skoða af bók eða tölvuleik þar sem aðrir stýra því hvað borið er á borð og hvernig og þar sem flest skilningarvit nema sjónin eru tekin úr sambandi. Einnig má taka upp viðtekna hugmyndir um tengsl fegurðar og gleði, ljótleika og leiða, og kanna hvort þær standist nánari skoðun.

Í texta námsefnisins eru feitiletruð orð sem örvað geta frekari umræður og skoðanaskipti og aftast í bókinni er yfirlit yfir hugtök hvers hluta.

#### **vettvangsferðir**

Heimilið, skólinn, íbúðagatan og næsta nágrenni skólans.

#### **úrvinnsla**

Verkefni spanna allt frá einföldum teikningum og klippimyndum til flóknari og meira krefjandi rannsókna á hverfinu og samfélaginu sem unnin eru í kort eða líkön. Viðfangsefni eru sótt í umhverfi heimilis eða skóla.

#### **tenging og samþætting við aðrar námsgreinar**

Áhersla fyrsta hluta bókarinnar á heimili, skóla og skynjun á nánasta umhverfi nemenda tengist frumþörf mannsins að tjá upplifun sína á umhverfi sínu og aðstæðum í munnlegum frásögnum.

Ritlist eða bókmenntir fást í ríkum mæli við upplifun mannsins á heiminum þar sem skynjun hans er miðlað með orðum og oftast en ekki má finna ákveðið samhengi milli umhverfis og sjálfsvitundar eða mannlýsinga.

Hægt er að styðjast við ákveðinn texta eða leyfa nemendum að velja sjálfir bók eftir eigin höfði og setja þeim fyrir að túlka í teikningu eða líkani þann skilning og þær upplifanir sem þeir fá út úr texta bókarinnar. Einnig má taka útgangspunkt í ákveðinni byggingu eða byggð sem innblástur í þeirra eigin skrif og skáldskap.

Eftir aldri og getu nemenda er hægt að tengja stílbrögð og innihald í textaskrifum þeirra við form og fyrirkomulag húsanna (inngangur/aðkoma, kaflar/ferli um bygginguna, persónur/herbergi o.s.frv.).

Samfélagsfræði býður einnig upp á áhugaverðar leiðir til að kanna tengsl einstaklingsins við samfélagið á ólíkum tímum, þar sem til dæmis má styðjast við frásagnir og ljósmyndir til að bera saman huglægar lýsingar manna við raunverulegt umhverfi eða áhrif mikilvægra nýjunga, eins og bifreiða eða sjónvarps, á mannlíf og búsetuform.



## 2 : INNI

### skeljar eða hreiður

Í **2. hluta: INNI** er athyglinni beint inn á við og tekist á við skynjun okkar á rými bygginga. Hér eru kynntar tvær helstu grunnaðferðir við byggingu húsa og tengsl byggingarlagsins við rými þeirra. Skyggnst er inn í kirkjur og listasöfn þar sem oft er að finna óvenjulegt rými og sterkar upplifanir innandyra. Þá er hugað að því hvernig skynjunin tengist á misjafnan hátt huglægri upplifun andrúms eða birtu og hlutlægri vitund um efni og áferð.

Fljótt á litið virðast öll hús ólík og engin tvö eins. Þau geta verið stór eða lítil, steipt eða úr timbri og mörg ný hús hafa risastóra glerfleti í stað eiginlegra veggja en þau elstu aðeins pínulitla gluggaljóra í þykkum, hlöðnum veggjum úr grjóti. En á bak við öll hús frá upphafi vega er aðeins um tvær megin byggingaraðferðir að ræða. Það hefur mikil áhrif á birtingarmynd rýmisins hvort bygging er hlaðin eða steipt í massíft efni eða reist á beinagrind úr léttu efni sem síðan er klætt veðurkápu. Athygli er vakin á mismunandi eiginleikum efna og miðlægum vanda húsbyggjenda frá upphafi vega að þekja hús og gata veggi fyrir glugga og dyr án þess að byggingin hrynji saman.

Byggingardæmin í þessum hluta eru annars vegar frumgerðir húsa í byggingarlist og frumstæðar húsagerðir, svo sem torfbærir og fiskhjallar, og hins vegar tiltölulega nýjar kirkjur og listasöfn.

### **upplifun og umræðuefni**

Nemendur eiga að kanna samskiði á milli ytra forms og innra rýmis og kynna hver fyrir öðrum eigin rannsóknir á eiginleikum efna til húsagerðar. Hér er upplagt að reifa muninn á frjálsum listformi og byggingarlist. Að sumu leyti er byggingarlist listform sem nýtir sér formsköpun, litameðferð, efnisáferð og aðra þætti úr heimi sjónlista og annarra listgreina til að vekja hughrif með þeim sem upplifir bygginguna. Að öðru leyti er byggingarlist bundin af kröfum um að hægt sé að byggja húsið, að það standi um langan tíma og standist ágang veðurs og margs konar breytinga í gegnum tíðina. Byggingarlist á til dæmis margt sameiginlegt með höggmyndalist og stundum er talað um „skúlptúrel“ ásýnd húsa en fæstar höggmyndir er hægt að ganga inn í og upplifa þannig formið innan frá.

Efni þessa hluta býður upp á að kanna mismunandi birtu sem berst inn í húsin. Til dæmis má skoða muninn á því hvernig hún endurvarpast frá sléttþússuðum flötum eða er gleypst af grófri áferð veggja, hver munurinn er á birtu sem kemur um ofanljós eða frá hlið, eða hvaða áhrif það hefur á birtuna að mála veggj í sterkum litum, dökkum eða ljósum. Einnig er áhugavert að draga fram upprunalegar eða ríkjandi húsagerðir annarra landa og sjá hvaða munur er á formi og rými þegar efniviðurinn og loftslagið er annað.

Í texta námsefnisins eru feitletruð orð sem örvað geta frekari umræður og skoðanaskipti og affast í bókinni er yfirlit yfir hugtök hvers hluta.

### **vettvangsferðir**

Kirkjur og listasöfn. Byggðasöfn. Torfbæir og fiskhjallar.

### **úrvinnsla**

Verkefniin spanna allt frá einföldum rannsóknum á grunnformum og litum, mælieiningum og mannlíkama til flóknari verkefna sem fást við tengingu huglægra lýsingarorða í merkingarhlaðin form og rými.

### **tenging og samþætting við aðrar greinar**

Áhersla annars hluta bókarinnar á guðshús, listasöfn og rými er nátengd athugun á tengslum byggingarlistar við aðrar sjónlistir eins og myndlist og höggmyndalist. Hér er hægt að skoða ákveðin tímabil í listasögunni eða taka fyrir ákveðna listamenn og kanna hvernig rými hefur verið miðlað á ólíkan hátt á ólíkum tímum, þar sem stundum er unnið með einföldun og naumhyggju og stundum með ofgnótt lita og efna. Nemendur geta til dæmis leikið sér með að vinna þrívíð líkön upp úr tvívíðum myndum eða tvívíðar myndir úr þrívíðum innsetningum og höggmyndum.

Verklegar greinar eins og smíðar bjóða upp á margvíslega vinnu með stór og lítil líkön og rannsóknir á mismunandi efnum og eiginleikum þeirra til byggingar sem styrkir bæði verktækni og verklag á skapandi hátt.

Einnig er áhugavert að æfa stærðfræði með því að beita rúmfræði á raunverulegt rými útvalinna bygginga út frá verkeikningum arkitekta eða hreinlega að notast við skólastofuna sem reikningsdæmi.



## 3 : ÚTI

### sögur í borg og sögur í landslagi

Í 3. hluta: ÚTI er leitast við að greina form bygginga.

Hér er er ytra form eða útlit bygginga rannsakað út frá mismunandi áherslum um tjáningu, hvort heldur sem unnið er með einfaldleika að leiðarljósi eða skreyti notað til að ýta undir skynræna upplifun. Lagt er út frá ólíkum stefnum í byggingarlistarsögunni þar sem forsendur fyrir útliti bygginganna eru ýmist sóttar í ákveðnar reglur um innbyrðis hlutföll og samræmi einstakra byggingarluta eða í listrænt frelsi til sköpunar út frá eigin tilfinningu. Einnig er hugað að samhengi bygginga við hvern stað, hvort heldur sem þær standa þétt saman í byggð eða stakstæðar úti í náttúrunni.

Manngert umhverfi býður upp á skemmtilegan þverskurð ýmissa tíma í byggingarlist. Ólíkar byggingar af margs konar gerð vekja spurningar um uppruna þeirra og ástæður fyrir því að þær líta út eins og þær gera. Athygli er vakin á því hvernig tvær meginálganir virðast ríkjja til skiptis í gegnum söguna – ýmist með áherslu á klassískan aga og reglu eða móðernískan leik með samsetningu forma.

Byggingardæmin í þessum kafla eru valin með tilliti til ólíkra stíla byggingarlistarsögunnar allt frá miðöldum og til okkar daga. Áhersla er á opinberar byggingar, banka og sundlaugar.

#### upplifun og umræðuefni

Nemendur eiga að kanna samhengi forms, útlits og tíðaranda í byggingarlist og rannsaka hvernig form og skreyti fylgja straumum og stefnum hvers tíma.

Hér er upplagt að skoða hvernig byggð þróast á hverjum stað og kanna hvernig til dæmis landfræðileg staðsetning og skilyrði til samgangna hafa haft áhrif á þéttbýlismyndun.

Gömul kort og myndir veita innsýn í hvernig elstu hús bæjarins litu út þegar þau voru nýbyggð. Kannski kemur það á óvart að sjá hvað þau virka stór og voldug miðað við hvernig þau birtast í nútímanum við hlið nýbygginga frá okkar dögum. Áhugavert getur verið að bera saman kort frá ýmsum tímum til að sjá hvað stendur enn og hvað hefur verið rífið. Hægt er að byggja undir skoðanaskipti um það hvort eigi að varðveita gömul hús og byggðamynstur eða hvaða afleiðingar það hefur að rífa eldri hús, til dæmis með því að veita umræðum í fjölimiðlum eftirtekt eða spyrjast fyrir um hús sem þegar eru horfin sjónum.

Gott er að vekja athygli á breytilegum tíðaranda ýmissa tíma og hvernig hann birtist í mismunandi myndum húsbygginga samanborið við fatatísku og fararskjóta sama tímabils. Þá má velta vöngum yfir því hvað framtíðin beri í skauti sér, bæði hvernig byggingar muni líta út eftir 100 ár, hvaða fötum við munum helst vilja klæðast og hvernig við förum á milli staða.

Í texta námsefnisins eru feitiletruð orð sem örvað geta frekari umræður og skoðanaskipti og aftast í bókinni er yfirlit yfir hugtök hvers hluta.

#### **vettvangsferðir**

Miðbær bæjarins eða næsti þéttbýliskjarni og elstu opinberar byggingarnar, t.d. banki og hótél. Ráðhús. Sundlaugar.

#### **úrvinnsla**

Verkefnin spanna frá tiltölulega einfaldri greiningu á þrívíðu formi að frjálssari verkefnavinnu þar sem nemendur fá að spreyta sig á því að skálda borgir og hanna hús í landslagi.

#### **tenging og samþætting við aðrar greinar**

Áhersla þriðja hluta bókarinnar á útlit eða form bygginga og breytilegar stefnur byggingarlistar í tímans rás tengist á margan hátt mismunandi stílbrögðum og birtingarmynd tónlistar.

Hér er hægt að bera saman ákveðna tónsmíð við byggingu frá sama tímabili og sjá hvort greina megi sameiginleg einkenni til dæmis í takti og viðmóti, eða leyfa nemendum að spreyta sig á því að hanna byggingu út frá tónlist og fanga óefniskennnda hljómana í fast form byggingar.

Áhugavert getur verið að skoða mannkynssöguna og kanna til dæmis hvernig konungar og auðmenn hafa frá upphafi vega notað áhrifamátt byggingarlistar til að sviðssetja völd sín og glæsileika á óförgengilegan hátt.

Einnig geta nemendur sannreynt hvernig langvarandi stríð eða friðartímar hafa haft áhrif á það hvernig borgir hafa verið skipulagðar og byggðar. Eða hvernig þróun lýðræðis ber með sér nýjar byggingargerðir eins og ráðhús þar sem borgararnir geta látið skoðanir sínar í ljós.